

## L Ö G

30

8. apríl

um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum  
í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

## 2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61. 14. nóv. 1917.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

31

8. apríl

um viðauka við lög nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Meðan veðdeild Búnaðarbanka Íslands er ekki með frambúðarráðstöfunum séð fyrir því fé, sem henni er nauðsynlegt til að geta sinnt því margþætta hlutverki, sem deildinni er ætlað lögum samkvæmt, skal ríkisstjórnin tryggja henni með samningum við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt affallalaus sölu bankavaxtabréfa, er nemi árlega að minnsta kosti 1 200 000 krónum. Í því sambandi getur ríkisstjórnin ákveðið, að Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Söfnunarsjóður Íslands kaupi þessi bréf, og ákveður hún árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér hag hlutaðeigandi stofnana og jafnframt leitað álits forstöðumanna þeirra.

## 2. gr.

Fé það, er um ræðir í 1. gr., ber veðdeildinni að lána eingöngu til jarðakaupa eftirgreindum aðilum: